

Samþykkt fyrir heimasíðu og facebook síðu Rangárþings ytra

Rangárþing ytra heldur úti virkri heimasíðu sem og „like“ síðu á Facebook. Lén heimasíðu sveitarfélagsins er www.ry.is en lén Facebook síðunnar er <https://www.facebook.com/Rangarþing-ytra-349403531824425>. Umsjón síðanna er í höndum markaðs- og kynningarfulltrúa og eftir atvikum annara starfsmanna skrifstofu Rangárþings ytra.

Rangárþing ytra ber endanlega ábyrgð á því efni sem birtist á vefsíðu sem og Facebook síðu komi til málshöfðunar vegna heimasíðunnar.

Umsjónarmenn síðunnar skulu setja inn á síðuna allt það efni sem er tilgreint í ritstjórnarstefnu síðunnar og tilheyrir sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn ákveður á hverjum tíma hvaða starfsmanni skuli falið að hafa yfirumsjón með síðunni.

Ritstjórnarstefna vefmiðla Rangárþings ytra

Inn á vefmiðla skulu settar aðgengilegar upplýsingar fyrir þá sem síðuna nota.

Til þeirra telst;

- A) upplýsingar um stjórnarsýslu Rangárþings ytra, fundargerðir sveitarstjórnar og nefnda, umsóknareyðublöð og gildandi samþykktir og reglur ásamt tilkynningum.
- B) Atburðadagatal til frjálsra nota um hverskonar viðburði, uppákomur og fundi í hreppnum.
- C) Aðsendir pislar
- D) Staðbundinn fróðleikur
- E) krækjur á heimasíður þjónustuaðila í sveitarfélaginu og valdra aðila sem tengjast því
- F) annað það sem ritstjóri ákveður hverju sinni.

Gæta skal þess að upplýsingar um stjórnarsýslu og annað séu ætíð uppfærðar eftir breytingar, þannig að treysta megi því að þær upplýsingar sem þar er að finna séu réttar.

Birta skal fundargerðir sveitarstjórnar á heimasíðunni ekki síðar en næsta virka dag eftir fund. Fundargerðir nefnda skulu birtar eins fljótt og unnt er, en birta skal þann fyrirvara að nýjustu fundargerðir nefnda gætu átt eftir að fá endanlega staðfestingu sveitarstjórnar.

Á forsíðu má birta tilkynningar, enda skulu þær merktar sem slíkar. Með tilkynningum er átt við t.d. auglýsingar um spilakvöld, messur, tónleika og aðra viðburði og uppákomur.

Markaðs- og kynningarfulltrúi er ritstjóri vefmiðla en starfsmenn skrifstofu Rangárþings ytra hafa stöðu vefara og geta sjálfir sett inn efni á forsíðu s.s. fréttir og tilkynningar. Ritstjóra er heimilt að

úthluta einstaklingum stöðu vefara. Allir sem hafa stöðu vefara skulu undirrita það efni sem þeir setja inn með fangamerki. Gæta skal þess að halda heimasíðunni lifandi með því að setja reglulega inn á hana fréttir.

Aðsendir pistlar þurfa að standast ritstjórnarstefnu síðunnar og vera merktir höfundu.

Lesendum síðunnar er heimilt að tjá sig á heimasíðunni um einstakar fréttir, en það skal ætíð gert með fullu nafni þess sem skráir inn álit sitt. Vefstjóra er heimilt að fjarlægja álit sem er ekki undirritað eða telst meiðandi eða til vansæmdar á einhvern hátt, jafnframt efni sem tengist ekki viðkomandi frétt. Þá er rit-og vefstjóra heimilt að loka fyrir að hægt sé að skrifa álit við fréttir verði um ítrekaðar innsetningar sem ekki eru í samræmi við ritstjórnarstefnu síðunnar.

Vefstjóra er ávalt heimilt að fjarlægja efni sem berst inn á síðuna enda sé efnið ekki í samræmi við ritstjórnarstefnu síðunnar.

Komi upp álitamál varðandi aðsent efni og álit við fréttir skal það tekið út og tekur sveitarstjórn ákvörðun á næsta fundi sínum um hvort efnið sé birt að nýju og eða hvort ákvörðun ritstjóra standi.

Allt efni sem tekið er með þessum hætti út af vefnum eða ekki birt skal skrifað út og varðveitt á skrifstofu Rangárþings ytra, þar sem hver sem er getur haft aðgang að.

Fjölmiðlum er heimilt að birta fréttir af heimasíðu Rangárþings ytra án sérstaks leyfis, enda skal heimildar getið.

Tilgreina skal ábyrgðarmann heimasíðunnar á síðunni sjálfri.